



STEFNA FYRIR VEGAAÐSTOÐ TESLA

HVENÆR HEFST OG LÝKUR ÁBYRGÐINNI?

Vegaaðstoð er ókeypis þjónusta sem boðið er upp á samkvæmt Tesla ábyrgð eða öðrum samningum sem gilda um aukna þjónustu. Skoðaðu skilmálana í ábyrgðarskjalinu eða þjónustusamningnum til að sjá hvort þú eigir rétt á vegaaðstoð.

TIL HVERRA NÆR ÁBYRGÐIN?

Eigandi eða ökumaður með leyfi frá eiganda Tesla bíls sem fellur undir takmarkaða grunnábyrgð á nýjum eða notuðum bíl eða framlengdan þjónustusamning í landi þar sem Tesla er með verslun eða þjónustumiðstöð.

Þjónustu vegaaðstoðar er hægt að flytja með endursölu á Tesla ökutæki í þann tíma sem eftir er af ábyrgðinni, að því tilskildu að þú tilkynnir Tesla og veitir fullnægjandi sannanir á breytingu á eignarhaldi. Ef ökutækið var ekki keypt beint af Tesla er það á ábyrgð nýs eiganda að tilkynna til Tesla og láta Tesla fá fullnægjandi sannanir fyrir eignarhaldi.

ATHUGAÐU: Eftirfarandi landsvæði eiga ekki rétt á vegaaðstoð: Ystu svæði ESB (Franska Gvæjana, Gvadelúpeyjar, Martiník, Mayotte, Reunioneýja og Sankti Martin, Asoreyjar og Madeira og Kanaríeyjar), landsvæði Evrópulanda í öðrum heimshlutum, Ceuta, Melilla og lönd sem ekki eru með Tesla verslun eða Tesla þjónustumiðstöð.

HVAÐ NÆR ÁBYRGÐIN YFIR?

Sprungin dekk

Tesla mun veita eigendum vegaaðstoð sem lenda í að dekk springur, svo framar sem það gerist innan við 80 km (50 mílurnar) frá þjónustumiðstöð Tesla. Ef draga þarf bílinn greiðir Tesla flutningskostnað fyrstu 80 km (50 mílurnar), svo lengi sem bílinn er dreginn á þjónustumiðstöð Tesla og viðgerð og/eða skipti á hjólbörðum er sinnt að öllu leyti hjá Tesla.

Ef bílinn er í eigu kaupleigufyrirtækis sem annast viðhald skaltu hafa samband við viðkomandi fyrirtæki áður en þú leitar eftir vegaaðstoð hjá Tesla. Við allar aðrar kringumstæður, þar á meðal ef Tesla getur ekki lokið við viðgerð og/eða skipti á hjólbörða vegna þess að þú ert með felgur og/eða hjólbörða sem keyptir voru á eftirmarkaði, getur Tesla veitt þér aðstoð við að draga bílinn á þinn kostnað, sem greiða þarf við drátt. Í öllum tilvikum berð þú ábyrgð á kostnaði við viðgerð og/eða skipti á hjólbörða. Ef draga þarf bílinn skaltu kynna þér leiðbeiningarnar í „Dráttur“ hér að ofan. Tesla mun veita þér munnlegt kostnaðarmat fyrir drátt og viðgerð / skipti á skemmdum hjólbörða áður en þú samþykkir að láta draga bílinn.

Ef þú átt rétt á tímabundum viðgerðartappa í gat hjólbörða á Tesla bílnum þínum er límtappi settur í hjólbörðann til að þú getir ekið á viðeigandi áfangastað til að láta skipa um hjólbörðann.

Samþykki þitt á tímabundinni viðgerð er háð eftirfarandi skilmálum:

1. Þú staðfestir og samþykkir að ef viðgerðartappinn telst nothæfur af starfsmanni vegapjónustu Tesla er hann eingöngu til tímabundinnar notkunar, í samræmi við leiðbeiningar framleiðanda.
2. Þú staðfestir og samþykkir að ekki sé mögulega ekki hægt að gera við hjólbörðann eftir að tímabundinn viðgerðartappi hefur verið notaður.
3. Þú staðfestir og samþykkir að þú hafir fengið afrit af notkunarleiðbeiningum framleiðandans.

- Þú staðfestir að þú sért með viðeigandi tryggingar fyrir bílinn þinn sem uppfylla eða eru umfram lágmarkskröfur samkvæmt lögum. Tesla veitir enga ábyrgð eða tryggingar samkvæmt þessum samningi.
- Nema að því marki sem lög mæla fyrir um, leysir þú Tesla og tengda aðila undan hvers kyns kröfum og bótaábyrgð sem tengjast eða eru til komnar vegna notkunar á tímabundna viðgerðartappanum og hvers kyns atvikum eða kröfum sem tengjast notkun tímabundna hjólbarðaviðgerðartappans.

Dráttur

Tesla greiðir flutningskostnað fyrir fyrstu 800 km (50 mílurnar)* að næstu Tesla þjónustumiðstöð ef um er að ræða bíl sem ekki er hægt að aka vegna bilunar sem fellur undir ábyrgð. Ef bilunin telst ekki falla undir takmarkaða grunnábyrgð á nýjum eða notuðum bíl eða framlengdan þjónustusamning fellur flutningskostnaðurinn á þig. Þú berð einnig ábyrgð á öllum flutningskostnaði umfram 800 km (50 mílurnar) og hvers kyns öðrum flutningskostnaði frá einum stað á annan. Þú berð ábyrgð á því að afhenda þeim aðilum sem flytja bílinn leiðbeiningarnar í vegaaðstoðarhandbók bílsins (í hanskahólfi hans). Tesla ber ekki ábyrgð á skemmdum sem koma til vegna þess að þessum leiðbeiningum eða viðvörðunum í vegaaðstoðarhandbókinni er ekki fylgt. Til að fá aðstoð varðandi rétt handtök við drátt bílsins skaltu hringja í eða afhenda flutningsaðilanum símanúmer vegaaðstoðar á þínu svæði (sjá [samskiptanúmer vegaaðstoðar](#)).

**Kína er ekki með neinar takmarkanir á fjarlægðum sem draga má ökutæki ef um er að ræða bilun sem fellur undir ábyrgð.*

Þjónusta þegar fólk læsir sig úti

Í sumum tilvikum getur Tesla aflæst ökutækinu þínu. Ef ökutækið þitt er ekki nettengt (ekki tengt farsímaneti eða Wi-Fi) eða ef Tesla getur ekki aflæst ökutækinu þínu úr fjarlægð með öðrum hætti og Tesla snjallappið virkar ekki vegna nettengingarvandamála hjá Tesla mun starfsfólk vegaaðstoðar hjálpa við að leita aðstoðar, eins og viðeigandi er og háð því sem í boði er. Í aðstoðinni getur falist að lykillinn þinn sé sóttur, ökutækið þitt opnað handvirkt eða það dregið að næstu Tesla þjónustumiðstöð. Ef nauðsynlegt er að draga ökutækið borgar Tesla aksturskostnað fyrstu 80 km (50 mílurnar) að því tilskildu að ökutækið falli undir takmarkaða grunnábyrgð á nýju eða notuðu ökutæki eða viðeigandi samning um aukna þjónustu. Ef takmörkuð grunnábyrgð á nýju eða notuðu ökutæki eða samningur um aukna þjónustu nær ekki til ökutækisins þarft þú að greiða fyrir þjónustuna.

HVAÐ NÆR ÁBYRGÐIN EKKI YFIR?

Vegaaðstoð Tesla er ætlað að lágmarka óþægindi ef ökutækið þitt bilar. En eftirfarandi eru dæmi um kringumstæður sem gætu komið í veg fyrir þjónustu vegaaðstoðar eða þú gætir þurft að greiða gjald fyrir (tilkynnt fyrirfram):

- Flutningskostnað frá þjónustumiðstöð Tesla eftir lok þjónustu eða viðgerðar (t.d. Tesla ber ekki ábyrgð á kostnaði sem tengist því að koma bílnum aftur heim til þín).
- Hættulegar aðstæður; þar með taldar óviðráðanlegar ástæður, hættusvæði eða umhverfi, eða átakasvæði sem staðaryfirvöld hafa ekki stjórn á.
- Vandamál eða aðrar kröfur vegna tollafgreiðslu.
- Kostnað sem tengist flutningi með ferju, vegatollum, álagstímagjöldum, sérstökum VSK-reglum eða tollferlum.
- Umsjón með flutningi yfir landamæri til eða frá löndum utan Evrópusambandsins og/eða Evrópska efnahagssvæðisins.
- Slys, árekstra, hluti sem lenda á bílnum, skemmdir vegna búnaðar á vegum.
- Tæmingu háspennurafhlöðu, þar á meðal, ekki takmarkað við, að hafa réttan hleðslubúnað.
- Tæmingu lágspennurafhlöðu vegna eðlilegs slits.
- Akstur bílsins í torfærum eða á ójöfnu, grófu, skemmdu eða hættulegu undirlagi.

- Kappakstur eða torfærukeppni.
- Drátt vegna þess að bíllinn festist í aur, snjó, sandi eða á öðru mjúku undirlagi.
- Misnotkun eða vanrækslu bílsins.
- Skemmdarverk.
- Uppsetningu á snjókeðjum eða þegar þær eru fjarlægðar.
- Viðgerð eða skipti á brotinni rúðu.
- Bíll sýndur eða afhentur vegna kaupa eða notaður kaup- eða útflutningsnúmerum.
- Sektir, gjöld, skaðabætur eða skattar sem tengjast því að bíll er gerður upptækur eða af annarri ástæðu dreginn vegna raunverulegra eða meintra brota á lögum eða reglugerðum.
- Flutning á dýrum eða búfénaði.
- Of mikið álag á bíl.
- Geymslugjöld áður en aðstoð er veitt.
- Lengri flutning hjólhýsa, eftirvagna eða búnaðar á borð við hjólagrindur eða farangursbox.
- Flutning bíls eða ökumanns þegar Tesla appið er óstarfhæft og lykill bílsins er ekki til staðar.
- Endurgreiðslu á vegaaðstoð sem veitt er án þátttöku Tesla eða fyrirframgefinnar heimildar af hálfu Tesla.
- Allar aðrar útilokanir eða takmarkanir sem lýst er í takmarkaðri ábyrgð á nýjum eða notuðum bíl.

Vegaaðstoð er takmörkuð við eitt þjónustusímtal á hvern atburð. Tesla áskilur sér rétt til að takmarka þjónustu og endurgreiðslu til eiganda eða bílstjóra ef fyrirtækið sjálft telur kröfur verða óhóflegar í tíðni eða fjölda. Tesla áskilur sér einnig rétt til að endurskoða eða hætta tilgreindum þjónustum vegaaðstoðar hvenær sem er án fyrirvara eða endurgreiðslu eða inneignar til eiganda. Ábyrgðarskylda Tesla er sérstaklega takmörkuð við kostnaðinn á tilgreindum fríðindum. Í fríðindum er innifalinn allur kostnaður sem tengist frekari vegaaðstoð sem þú óskar eftir eða þjónustum utan tilgreinds landsvæðis ábyrgðarinnar eins og það er skilgreint í ábyrgðarskjölunum.

Þetta fellur ekki undir ábyrgð. Ekki er fallist á óbeina eða beina ábyrgð eða skilyrði sem verða til og falla undir gildandi landslög eða reglur eða á annan hátt undir lög eða sanngirnirétt, eins framarlega og slíkt er unnt samkvæmt lögum, eða slíkt takmarkað í lengd við ábyrgðartímann. Tesla getur útvístað vegaaðstoð til óháðs þjónustuveitanda og ber ekki skaðabótaábyrgð vegna verknaðar eða vanrækslu af hálfu slíkra þjónustuveitanda. Ef þú telur að þjónustuveitandinn hafi farið illa með eða á annan hátt skemmt ökutæki eða eigur þínar skaltu láta Tesla þjónustumiðstöð þína vita en þú þarft að senda formlegar kröfur á þjónustuveitandann.

Tesla hafnar hér með allri óbeinni, tilfallandi, sérstakri og raðbundinni skaðabótaábyrgð sem sprettur af eða tengist vegaaðstoð, þar á meðal án takmarkana, tjón sem rýrir verðmæti ökutækis, tíma, tekjur, persónulegt húsnæði eða atvinnuhúsnæði eða notkun, óþægindi eða íþyngingu, tilfinningalega streitu, viðskiptalegt tjón (þar á meðal á hagnaði eða tekjum), strætóferðir eða annan flutningskostnað, leigu á ökutæki, bensín eða gistikostnað, skemmdir á dráttarbíl og tilfallandi gjöld eins og símtöl, ljósprentunarkostnað og póstburðargjöld. Útilokanir og takmarkanir í setningunni á undan skulu gilda hvort sem krafan þín er í samningi, tengist skaðabótaskyldu broti (og tengist vanrækslu og stórfelldu gáleysi), broti á ábyrgð eða skilmálum, rangfærslu (hvort sem hún stafar af gáleysi eða öðru) eða öðru í lögum eða sanngirnirétti, jafnvel þó að Tesla sé upplýst um möguleikann á slíkum skemmdum eða að slíkar skemmdir séu fyrirsjáanlegar með skynsamlegum hætti.